

AUGLÝSING

um staðfestingu gjaldskrár Búnaðarsamtaka Vesturlands.

Hér með tilkynnist að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra hefur staðfest gjaldskrá Búnaðarsamtaka Vesturlands, sbr. 3. mgr. 3. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Gjaldskráin tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 21. desember 2011.

F. h. r.

Sigurgeir Þorgeirsson.

Ása Þórhildur Þórðardóttir.

Fylgiskjal.

GJALDSKRÁ Búnaðarsamtaka Vesturlands.

1. gr.

Gjald fyrir kúasæðingar er eftirfarandi:

gjald fyrir sædda kú í skýrsluhaldi	kr. 1.750
gjald fyrir sædda kú utan skýrsluhalds	kr. 2.400
gjald fyrir sædda kú þar sem ekki er mjólkurframleiðsla	kr. 5.400
heimsóknargjald vegna sæðinga	kr. 1.100

2. gr.

Sérhæfð ráðgjöf og þjónusta fyrir bændur á starfssvæði BV
 kr. 4.600 pr. klst. |

Almennur taxti, útseld vinna fyrir aðila sem ekki eru bændur
 |

á starfssvæði BV
 kr. 10.000 pr. klst. |

Almenn ráðgjöf fyrir bændur á starfssvæði BV
 kr. 0 |

Gjald fyrir klaufskurð er eftirfarandi:

tímagjald fyrir klaufskurð fyrir bændur á starfssvæði BV	kr. 7.000 pr. klst.
heimsóknargjald vegna klaufskurðar á starfssvæði BV	kr. 17.000

3. gr.

Á sérhæfða ráðgjöf, vinnu og almennan taxa sem óskað er að fari fram utan hefðbundins vinnutíma, reiknast 50% álag.

Reynist búrekstraráætlanir styrkhæfar samkvæmt búnaðarlagasamningi, verður styrkurinn viðskiptafærður á viðkomandi bónda og hið sama á við um styrki vegna afkvæmarannsóknna í sauðfé.

Heimsóknargjald innheimtist við hverja heimsókn sæðingamanns, óháð fjölda sæðinga, sama gildir hjá þeim sem eru með mjólkurframleiðslu og við notkun á holdanautasæði.

4. gr.

Virðisaukaskattur reiknast aukalega á hverja gjaldtöku, skv. 1., 2. og 3. gr.

B-deild – Útgáfud.: 5. janúar 2012